



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um tímabundinn flutning leikskólans Grandaborgar

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 27. nóvember 2023 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. nóvember 2023:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Grandaborgar, Boðagranda 9 og að starfsemin flytjist í færanlegt hús við leikskólann Hagaborg. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Boðagranda 9 í Reykjavík.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja þær tafir sem orðið hafa á framkvæmdum við leikskólana Garðaborg, Grandaborg og Árborg séu verulega gagnrýniverðar. Fyrir ári síðan kom í ljós við ástandsskoðun að í umræddum leikskólum væru miklar rakaskemmdir og mygla. Með þær staðreyndir í huga, og í ljósi þess að nú þegar eru rúmlega 360 leikskólapláss ónýtanleg vegna ástands leikskólahúsnæðis í borginni, sé ámælisvert að fyrst núna sé verið að ljúka hönnun og undirbúa útboðsgögn vegna framkvæmda og endurbóta við leikskólana þannig að framkvæmdum muni ekki ljúka fyrr en árið 2025.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 16. nóvember 2023



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Grandaborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Grandaborgar, Boðagranda 9 og að starfsemin flytjist í færanlegt hús við leikskólann Hagaborg. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Boðagranda 9 Reykjavík.

Greinargerð:

Við ástandsskoðun fundust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Grandaborgar en einnig hafði skólprör í kjallara farið í sundur og jarðvegur mikið blautur vegna þess. Starfsemin var flutt annað í lok árs 2022. Leikskólinn er núna í nýju færanlegu húsnæði við leikskólann Hagaborg en hafði á undan því verið í leikskólunum við Eggertsgötu, Nauthólsvegi og svo húsnæði í Kringlunni 1.

Verið er að klára útboðsgögn til að senda út. Þegar verktaki er kominn með verkið má gera ráð fyrir um einu ári í framkvæmdir. Því er raunhæft að gera ráð fyrir að Grandaborg flytji í endurgert húsnæði í byrjun árs 2025.

Það er margt sem verður lagfært í framkvæmdum og m.a. komið fyrir dreni og einangraður sökkul, sett loftræstikerfi með varma endurnýtingu, sett gólfhitakerfi, fræst í gólf og hætt með ofnakerfi, skipt um öll gólfefni, skipt út gluggum, einangrað og húsið klætt og hljóðvist bætt.